



Borgarráð

Fjölnota knatthús í Vesturbæ

Lagt er til að gengið verði til viðræðna við KR um byggingu fjölnota knatthúss, sbr. nýtt hús ÍR í Mjódd, á grundvelli fyrri viljayfirlýsingar KR og borgarinnar. Kannaður verði vilji Seltjarnarness til samstarfs um verkefnið, sbr. samstarf Reykjavíkurborgar og Seltjarnarness um fimleikahús á Seltjarnarnesi.

Greinargerð

Á fundi borgarráðs 3. september 2020 var samþykkt að forgangsörðun varðandi uppbyggingu íþróttamannvirkja, sem fram kemur í skilabréfi stýrihóps um stefnu í íþróttamálum, verði höfð til hliðsjónar við undirbúning 10 ára fjárfestingaráætlunar Reykjavíkurborgar. Fjölnota knatthús KR í Frostaskjóli var eitt þeirra verkefna sem raðaðist efst í forgangsörðinni. Borgarstjóri hefur óformlega kannað hug Seltjarnarness til að skoða aðkomu að verkefninu. Næsta skref væri að kanna hug bæjarins formlega í samráði við KR.

Dagur B. Eggertsson